

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldið er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir aukatunnu við hverja íbúð.

3. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

	<i>Kr. á einingu</i>
Matarleifar/Blandaður úrgangur 240 l	30.082
Plastumbúðir/Pappír 240 l	9.497
Matarleifar 240 l	20.089
Blandaður úrgangur 240 l	36.745
Blandaður úrgangur 660 l	103.361
Plastumbúðir 240 l	9.253
Plastumbúðir 660 l	27.760
Pappír og pappi 240 l	9.659
Pappír og pappi 660 l	28.876
Matarleifar djúpgámur 2.500 l	209.262
Matarleifar djúpgámur 3.000 l	251.115
Matarleifar djúpgámur 5.000 l	418.524
Blandaður úrgangur djúpgámur 2.500 l	382.757
Blandaður úrgangur djúpgámur 3.000 l	459.309
Blandaður úrgangur djúpgámur 5.000 l	765.515
Plastumbúðir djúpgámur 2.500 l	96.390
Plastumbúðir djúpgámur 3.000 l	115.668
Plastumbúðir djúpgámur 5.000 l	192.780
Pappír og pappi djúpgámur 2.500 l	100.615
Pappír og pappi djúpgámur 3.000 l	120.738
Pappír og pappi djúpgámur 5.000 l	201.229
Fast gjald - rekstur grenndar- og gámastöðva	19.804

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarráði 30. nóvember 2023 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 4. desember 2023. Gjaldskráin er birt í Stjórnartíðindum og tekur gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1528/2022 úr gildi.

Hafnarfirði, 18. desember 2023.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. desember 2023